

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Gjáhelli.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. ágúst 2024 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Gjáhelli. Breytingin felst í því að afmörkuð er ný lóð, Gjáhella 10d, fyrir dæluhús vatnsveitu. Vegtenging sem tengir saman iðnaðarhverfin Hellnahraun, 1. áfanga og 2. áfanga, er bætt við. Tengingin er þegar komin en gert er ráð fyrir göngu-/hjólástíg og gróðri meðfram götunni.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. september 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 16. september 2024